

Alþingi
Erindi nr. P 141/1735
komudagur 23.2.2013

23. febrúar 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis

Lilja Rafney Magnúsdóttir starfandi formaður

Efni: Umsögn við frumvarp um stjórn fiskveiða mál númer 968.

Frá: Kristjáni Andra Guðjónssyni framkvæmdastjóra
Útgerðarfélasins Öngulls ehf kt 701296-2229 Ísafirði

Inngangur

Undirritaður vill í upphafi greina frá því að Öngull ehf hefur staðið að útgerð krókaflamarksbátsins Björgu Hauks ÍS 33 á Ísafirði. Við fyrirtækið eru 6 -7 ársstörf. Afli bátsins hefur verið á milli 300 og 400 tonn á þeim 15 árum sem honum hefur verið róið á ársgrundvelli. Mest hefur verið veitt af ýsu og hefur niðurskurður á henni því komið verulega illa við útgerðina og hafa til dæmis ýsuheimildir Önguls verið skornar niður um á annað hundrað tonn á síðastliðnum fjórum árum. Það hefur ekki verið ábætandi við stökkbreyttar skuldir útgerðarinnar sem margfölduðust í kjölfar hrunsins. Frá þessu vildi ég greina til að upplýsa htv. atvinnuveganefnd um hvers vegna ég geri nokkrar alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Athugasemdir

1. Það er algjört glapræði að ætla að skera niður aflaheimildir til línuvinnunar þar sem þar er um að ræða aðför að smærri byggðarlögum sem og útgerð smábáta sem gera út á línu.

Mikilvægi hennar má finna í eftirfarandi:

- Skilar öflugri línuútgerð dagróðrabáta
- Skilar fjölmörgum vellaunuðum störfum fyrir verkafólk
- Skilar auknu framboði af úrvalshráefni sem selt er inn á hágæðamarkaði

Vissulega er það þannig, svo að allri sanngirni sé gætt, að á undanförunum árum hafa aflaheimildir til línuvinnunar í þorski ekki verið fullnýttar. Ástæður þess er að úthlutun í þorski hefur verið fremur lá í sögulegu samhengi. Nú er staðan hins vegar þannig að þorskur til línuvinnunar á öðru tímabili fiskveiðiársins er uppurinn og er fullljóst að á næstu árum mun línuvinnun í þorski nást.

Undirritaður skorar á htv. atvinnuveganefnd að línuvinnun verði óbreytt. Til áréttingar skal bent í kaflann um strandveiðar að þær hafi komið sér vel fyrir smærri byggðir en sömu rök eiga fyllilega við um línuvinnun.

2. Í sambandi við skerðingar inn í það sem á að fara í pott 2 hafa verið gerðar breytingar frá fyrra frumvarpi. Fallið er frá því að skerða ýsu, ufsa og steinbít til inngreiðslu í pott 2. Því mótmælli ég harðlega og tel að lágmarki að fara eigi eftir því sem stóð í fyrra frumvarpi en þar var kveðið á um að engar skerðingar yrðu á ýsu fyrr en við 66 þús lesta úthlutun, 14 þúsund lestin við steinbít og 50 þúsund lesta úthlutun í ufsa það er að segja að skerðingar til aflahlutdeidarhafa kæmi ekki til framkvæmda fyrr en að umræddum lestum yrði útlutað.

Nú skal á það bent, sem ég held að flestir sem fylgjast með sjávarútveigi vita, að í vetur hafa smábátar á grunnslóð verið meira og minna allt í kríngum landið á flótta vegna mikillar ýsugengdar. Þrátt fyrir þá staðreynd er engan bilbug á Hafrannsóknastofnun að finna, hún segir ýsuna ekki til!

Nú háttar þannig til að mín útgerð hefur verið, eins og áður er fram komið, skert um 100 tonn af ýsu á undanförunum fjórum árum úr rúmum 150 tonnum í rúm 54 tonn á yfirstandandi fiskveiðiaári. Mín spurning til nefndarinnar er: Þegar aflamark í ýsu eykst á ný fái Öngull ekki til baka þær skerðingar sem hann hefur mátt þola? Það er lágmarkskrafa að engar skerðingar verði fyrr en við áður nefndar lestin sem voru inni í fyrra frumvarpi. Enn fremur vil ég benda á að smábátar á grunnslóð geta ekki stundað til dæmis línuveiðar á grunnslóð með eins litla úthlutun í ýsu og er á núverandi fiskveiðiaári.

3. Skerðing á byggðakvóta er hlutur sem alls ekki má eiga sér stað þar sem mörg sjávarþorp hafa farið illa út úr framsali aflaheimilda sem íbúar sjávarþorpanna hafa ekki fengið neinu um ráðið. Það væri því eins og blaut tuska framan í íbúa þessara sjávarþorpa að framkvæma slíkt. Ég nefni hér til dæmis Flateyri, en þar hefur byggðakvótin bjargað miklu.
4. **Strandveiðar.** Þær ber að efla og eiga þær að vera utan aflamarks og bundnar þeim allmennu skilyrðum sem um þær gilda í dag til dæmis í sambandi við; fjölda handfærarúlla, eigandinn um borð og svo framvegis. Strandveiðar eru svo háðar veðri, straumum og fiskgengd að það að viðbættu aflahámarki á dag eru í sjálfu sér nógar takmarkanir. Umfram allt eru þær smærri byggðarlögum mikill lyftistöng. Aftur er komið líf í hafnir landsins. Má þar nefna að landaður afli á Norðurfirði á ströndum hefur farið úr því að vera nokkrir tugir tonna upp í yfir 400 hundruð tonn á síðasta fiskveiðiaári svo ljóst má vera að strandveiðar eiga fullan rétt á sér.
5. **Sjóstangamótinn.** Það skilyrði sem frumvarpið gerir ráð fyrir að kippa út tekjum af mótunum sem notaðar hafa verið til að greiða kostnað við þau verður til þess að mótin í núverandi mynd muni heyra sögunni til. Þess í stað munu þau breytast í hvítflibbasport sem engin venjulegur maður hefur efni á að stunda.

Nú er mál að linni .eflaust gæti ég talið meira fram en læt staðar numið en bið Alþingismenn að hafa í huga hina miklu hagsmunni Byggðalagana er kemur að því sem ég hef hér triplað á hér að framann.

Virðingarfyllt

fh. Önguls ehf

Kristján Andri Guðjónsson framkvæmdastjóri